Mögulegt er að fylla eyðublaðið út beint á skjánum.
Munið að prenta það út og skrifa undir.

Prenta skjal

Sýslumaðurinn
á höfuðborgarsvæðinu

# Umsókn um leyfi til ættleiðingar

Umsókn skal senda sýslumanninum í Reykjavík

| | | |
|---|---|---|
| Nafn | Kennitala | Vinnusími |
| Nafn | Kennitala | GSM |
| Heimilisfang | | Heimasími |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Óska / óskum eftir leyfi til (merkið við það sem við á): | | | |
| Ættleiðingar á barni maka eða sambúðarmaka | ☐ | Ættleiðingar á erlendu barni á grundvelli forsamþykkis innanríkisráðuneytisins/sýslumanns | ☐ |
| Frumættleiðingar á íslensku barni | ☐ | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Upplýsingar um þann sem ættleiða á: | | | | | |
| Fullt nafn, kennitala og heimilisfang væntanlegs kjörbarns | | | | | |
| Hefur barnið dvalið á heimili umsækjanda? | | | | Ef já, frá hvaða tíma? | |
| Nafn og heimilisfang kynmóður þess sem ættleiða á | | | | | |
| Nafn og heimilisfang kynföður þess sem ættleiða á | | | | | |
| Er sá sem ættleiða á skírður? | Já ☐ | Nei ☐ | | | |
| Ef svo er - í hvaða sókn og hvenær? | | | | | |
| Er sá sem ættleiða á í sambúð, hjúskap eða staðfestri samvist? | | | Já ☐ | Nei ☐ | |
| Ef já, nafn og kennitala maka eða sambúðarmaka | | | | | |

| Er óskað eftir breytingu á eiginnafni, millinafni og / eða kenninafni þess sem ættleiða á, sbr. 3. mgr. 13 gr. og 7. mgr. 14. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996? | Já ☐ | Nei ☐ |
|---|---|---|
| Ef svo er, hvernig óskast nafn kjörbarns ritað: | | |
| Eiginnafn / nöfn | | |
| Millinafn | | |
| Kenninafn | | |

Aðrar athugasemdir, þar með taldar ástæður umsóknar um ættleiðingu barns:

Við veitum sýslumanni, viðkomandi barnaverndarnefnd og ættleiðingarnefnd, ef umsagnar hennar verður óskað, heimild til að afla allra upplýsinga sem talið verður rétt að afla í tilefni af umsókn þessari.

Við veitum sýslumanni ennfremur heimild til að afla sakavottorða okkar frá Sakaskrá ríkisins.

Við skuldbindum okkur til að tilkynna sýslumanni þegar í stað ef verulegar breytingar verða á fjölskylduhögum okkar, heilsufari eða félagslegum aðstæðum.

Við gerum okkur grein fyrir að rangar upplýsingar með umsókn þessari varða refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

____________________ ____________________

Dagsetning Dagsetning

______________________________ ______________________________

Undirskrift Undirskrift

**Gögn sem fylgja þurfa umsókn:**

- Fæðingarvottorð þess sem ættleiða á, ef viðkomandi er fæddur erlendis.
- Fæðingarvottorð umsækjenda, ef viðkomandi er fæddur erlendis.
- Almennar upplýsingar um umsækjendur á sérstöku eyðublaði, nema fylgt hafi umsókn um forsamþykki eða sótt er um ættleiðingu á lögráða manni.
- Upplýsingar um heilsufar umsækjenda á sérstöku eyðublaði, nema fylgt hafi umsókn um forsamþykki eða sótt er um ættleiðingu á lögráða manni.
- Hjúskaparvottorð eða vottorð um staðfesta samvist umsækjenda.
- Umsögn eiginmanns/eiginkonu/sambúðarmaka eða samvistarmaka þess sem ættleiða á um ættleiðingarbeiðni.

**Ef sótt er um frumættleiðingu íslensks barns eða stjúpbarns yngra en 18 ára skulu jafnframt fylgja umsókn:**

- Staðfest ljósrit af skattskýrslu síðustu tveggja ára
- Læknisvottorð umsækjanda.

**Ef um er að ræða umsókn um ættleiðingu fósturbarns þarf að auki að fylgja umsókn:**

- Gögn frá barnaverndarnefnd varðandi ráðstöfun barns í fóstur til umsækjanda, þ.e. samþykki kynforeldra fyrir ráðstöfun barns í fóstur eða úrskurður um forsjársviptingu.

**Ef umsókn er byggð á forsamþykki ráðuneytisins/sýslumanns þurfa að fylgja:**

- Gögn varðandi erlent barn, sem óskað er ættleiðingar á, útgefin í heimalandi þess, þ.m.t. vegabréf barns. Íslensk þýðing löggilts skjalaþýðanda fylgi, ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku eða norrænu máli.

**Afgreiðsla umsókna um ættleiðingar sbr. lög um ættleiðingar nr. 130/1999**

Sýslumaðurinn í Reykjavík veitir leyfi til ættleiðingar í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.

Í 2. gr. laganna er að finna ákvæði um hverjir geta verið ættleiðendur. Þar segir:

„Hjón, einstaklingar í staðfestri samvist eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.
Öðru hjóna eða einstaklingi í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.
Öðru hjóna eða einstaklingi í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo háttað að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.
Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.
Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum.“

Lögin fjalla um ættleiðingu barna innan 18 ára aldurs svo og þeirra sem eldri eru nema annars sé getið. Með orðinu barn er átt við einstakling undir 18 ára aldri.